

1857.

30. septbr.

Stjórnarráðið þykist vera sannfært um, að herra stiptamtmaðurinn muni framvegis með hinni sömu ótraudu alúð og áhuga vinna að því, að málefni þetta fái happasæl afdrif, og vonast aptur með póstskipinu eptir nákvæmri skýrslu um þær ráðstafanir, sem þangað til kynni að verða gjörðar, og sömuleiðis um það, hvernig ástætt er yfirhöfuð.

Að endingu læt eg ekki hjá líða að bæta því við, að amtmönnum í vesturumdæminu og í norður- og austurumdæminu hafa í dag verið send eptirrit af bréfi þessu, og þeim boðið að gjöra þær ráðstafanir, er þeim kynni að virðast við eiga, til þess að tálma því, að sýkin kæmist inn í þeirra umdæmi og útbreiddist í þeim.

24. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á 17. nóvbr.

Íslandi, um að landsetar á konúngsjörðum á Vestmannaeyjum ekki geti fengið ábýlisjarðir sínar til kaups.

Herra stiptamtmaðurinn hefir með þóknanlegu bréfi 31. marz þ. á. sent hingað allraþegnsamlegast bónarbréf frá landsetunum á konúngsjörðunum í Vestmannaeyjum, um að fá jarðir þær, sem þeir hafa til ábúðar, annaðhvort til sjálfseignar eða þá að minnsta kosti í erfðafestu.

Út af þessu læt eg ekki hjá líða að skýra herra stiptamtmaninum frá, til þóknanlegrar vitundar og auglýsingar fyrir hlutaðeigendum, að stjórnarráðið, eptir frumreglum þeim sem stjórnin á seinni árnem hefir fylgt, þegar hún hefir átt að skera úr líkum spurníngum, ekki finnur ástæðu til að taka beiðni þessa til greina.